



Byggðaáætlun



Auglýsing um framlög til verkefna á sviði almenningssamgangna

Innviðaráðherra auglýsir eftir umsóknum um framlög sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 vegna verkefna sem tengjast aðgerð A.10 Almenningssamgöngur á milli byggða. Markmiðið er að styðja við áframhaldandi þróun almenningssamgangna milli byggða, m.a. til að tengja ýmsa sérakstursþjónustu við almenningssamgöngur.

Til ráðstöfunar verða allt að 25 milljónir kr. Styrkupp hæð getur numið allt að 80% af heildarkostnaði við verkefni.

Í forgangi verða verkefni sem styðja við þróun leiðarkerfis, m.a. með samþættingu við aðra þjónustu eða breytingum á rekstrarformi.

Veitt verða framlög til verkefna:

- Sem nýtast einstökum svæðum, s.s. atvinnu- og þjónustusóknarsvæði.
- Sem nýtast landshlutanum í heild.
- Sem nýtast landinu öllu.

Við forgangsróðun umsókna verður litið til verkefna sem styðja við eftirtalin atriði:

- Búa til eða tengja leiðarkerfi við núverandi samgöngunet og styðja þannig við skóla-, þjónustu- og atvinnusókn milli byggða.
- Auka möguleika ungs fólks á dreifbýlum svæðum til að sækja íþrótt- og menningarstarfsemi.
- Byggðasjónarmið og áherslur sem fram koma í stefnumótandi byggðaáætlun.
- Ferðumst saman. Heildarstefna í almenningssamgöngum milli byggða.
- Önnur atriði sem skipta máli við mat á aðstæðum viðkomandi svæðis eða landshluta.

Umsóknir þurfa að berast í gegnum rafrænt umsóknarform Byggðastofnunar fyrir kl. 12 mánudaginn 9. mars 2026.

Þriggja manna valnefnd gerir tillögur til ráðherra um veitingu framlaga til verkefna á grundvelli úthlutunarskilmála. Áætlað er að niðurstöður ráðherra liggi fyrir í apríl 2026. Byggðastofnun annast fyrir hönd ráðuneytisins samningsgerð við styrkþega, umsýslu með greiðslum og eftirlit með framkvæmd verkefnis.



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið